


## AFSTÖÐUMYND

mkv. 1:500

Afstöðumynd tekin óbreytt af uppdrætti Arkís frá 16.08.2005,
með breytingu 15.05.2009

06.01.2014

Samþykkt þann
09 JAN. 2013
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Brynjar Rafn Ólafsson

## Byggingarlýsing tekin óbreytt af uppdrætti Arkís frá 16.08.2005, með breytingu 15.05.2009

ALMENN LÝSING:

Tjarnarvellir 15 er einnar hæðar bygging. Byggingin gegnir hlutverki verslunar og þjónustuhúsnæðis.
Byggingin skiptist upp í 3 verslunareiningar, auk skyggnis við innganga.

BURÐARVIRKI - ÞAK - ÚTVEGGIR:
Útveggir eru berandi og gerðir úr járnbentri steinsteypu, einangraðir að utan með steinull og klæddir með lituðum álplötum á ytra byrði. Litur á útveggjum er silfurgrár og koksgrár.
Skyggni við inngang er byggt upp úr stáli og álplötum .
Aðalburðarviki þaks í rými 0103 eru kraftsperrur úr stáli en burðarvirki í rými 0101 og 0102 eru kraftsperrur úr límtré. Á milli sperranna eru sjálfberandi léttar einingar, LETTAK eða sambærilegar, yfirborð þaks klætt með þakdúk.

GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR:
Allir gluggar eru álklæddir timburgluggar með tvöföldu einangrunargleri (K-gler). Aðalinngangshurðir og vöruhurð í einingu 0103 eru rafdrifnar álhurðir.
Aðrar hurðir eru sléttar timburhurðir með álklæðningu að utan.
Almennt er litur á gluggakörmum og hurðum koksgrár. Gluggar og hurðir við inngang verslunarrýmis 0103 eru gulir á lit.

BRUNAVARNIR:
Byggingin er tvær brunasamstæður, annars vegar rými 0103 sem er um 1340m² og hins vegar 0101 og 0102 sem er önnur samstæða um 350m² sem er skipt upp í 2 brunahólf, með tilheyrandi rýmingarleiðum. Hvert brunahólf er með a.m.k. EI60 veggjum.
Í rýmum 0102 og 0103 eru tvær óháðar flóttaleiðir þar sem hvergi er lengra en 25m í næsta útgang. Í rými 0101 er ein flóttaleið og eitt björgunarop.
Allar klæðningar verða í flokki 1. Flóttahurðir skulu vera útbúnar með neyðarhún eða "push pad" skv. ÍST EN 179:1997.

Verslunarrými 0103 er útbúið með viðurkenndu vatnsúðakerfi. skv. reglugerð nr. 245/1994.
Við hönnun vatnsúðakerfis skal miðað við áhættuflokk OH3 skv. BS 5306: Part 2.
Í verslunarrými 0103 verður viðurkennt sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi. Hönnun og uppsetning brunaviðvörunarkerfis skal vera í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi. Kerfið skal tengt viðurkenndri vaktstöð.

Slökkvitæki verða í öllu húsinu. Slöngukefli og slökkvitæki verða í hluta 0103. Slöngukeflin eru sett upp þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Slökkvitæki skulu vera við slöngukefli eða í nágrenni þeirra.
Tryggt skal að rennihurðir og rafdrifnar hurðir í flóttaleiðum opnist við straumrof og við boð frá reykskynjara.
Út- og neyðarlýsing verður í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍST EN1838. Reiknað er með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux á opnum svæðum, t.d. verslunum og veitingasal.
Í verslun 0103 verður auðbrennanlegt plast í þaki u.þ.b. 0,5% af gólffleti. Stálburðarvirki verður ekki eldvarið sérstaklega.

UPPHITUN - LOFTRÆSTING:
Byggingin er upphituð með hitablásurum í verslunarrýmum og stærri bakrýmum annars vegar og ofnum í starfsmanna og minni bakrýmum hins vegar. Byggingin er annars vegar loftræst með náttúrulegri loftræsingu um innganga og hins vegar með vélrænni loftræsingu í þeim rýmum sem ekki hafa opnanlega glugga eða útihurðir.

AOK
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf
Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 699 0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

TJARNARVELLIR 15 - HAFNARFIRÐI
BREYTINGAR Á INNRA SKIPULAGI

13/23

AÐALUPPDRÁTTUR — mkv: 1:500

afstöðumynd — 0202

hannað: KE — teiknað: KE — dags: 25.11.2013

breyting A:
breyting B:
breyting C:
breyting D:

A2 — ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.